


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Sampykkt:SHJ		
Síða 1 af 2	ÍSL 202 Kennsluáætlun vorönn 2014	

Kennari	Emilía Baldursdóttir, Kristín Árnadóttir og Þórdís H. Jónsdóttir	Sk.st.	EMB, KRÁ og ÞHJ
----------------	--	---------------	-----------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er farið yfir ýmsa þætti íslensks máls, s.s. stafsetningu, orðflokkgreiningu og greinarmerkjasetningu. Rætt verður um helstu hugtök í greiningu skáldsagna og nemendur lesa eina kjörbók. Auk þess eru rifjuð upp undirstöðuatriði í meðferð ritaðs máls og farið yfir reglur um upptöku og frágang heimilda í skriflegum verkefnum. Nemendur vinna ýmis skrifleg verkefni, s.s. atvinnuumsóknir og rökfærsluritgerðir, en auk þess verður lögð áhersla á munnleg skil verkefna og reglur um framsetningu máls og munnlegan flutning rifjaðar upp í því sambandi.

Markmið:

Að nemandi

- kunnir og geti beitt helstu stafsetningarreglum
- þekki helstu orðflokka og geti nýtt sér þá kunnáttu
- þekki og geti beitt helstu hugtökum um skáldsögur
- kunnir og geti beitt helstu reglum um greinarmerkjasetningu í texta
- kunnir og geti beitt helstu reglum um meðferð og framsetningu ritaðs máls
- kunnir og geti beitt helstu reglum um upptöku og frágang heimilda
- geti tjáð sig í ræðu og riti

Námsgögn:

Íslenska 202. Hefti, selt á skrifstofu VMA.

Kjörbókalisti: Myndin í speglinum eftir Ragnheiði Gestsdóttur

Hrafninn eftir Vilborgu Davíðsdóttur

Hinir réttlátu eftir Sólveigu Pálsdóttur

Tími nornarinnar eftir Árna Þórarinsson

Úlfshjarta eftir Stefán Mána


Áætlun um yfirferð:

1. lota (41/2 vika) 8. jan. - 7. feb.

Kynning á áfanga og námsefni. Nemendur velja bók af kjörbókalista og hefja lestur hennar. Lotan hefst síðan á stuttri upprifjun á helstu málfræði – og stafsetningarreglum og reglum um greinarmerki. Nemendur vinna ýmsar æfingar sem tengjast þessum atriðum sem og tímaverkefni sem gildir 20% af lokaeinkunn.

Í seinni hluta lotunnar rætt um bókmenntahugtök, í tengslum við kjörbækurnar, og nemendur vinna í kennslustund bókmenntaskýrslu sem gildir 15% af lokaeinkunn.

Samanlögð einkunn fyrir lotuna er 35% af lokaeinkunn.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	ÍSL 202 Kennsluáætlun vorönn 2014	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

2. lota (4 vikur) 10. feb. - 7. mars

Rifjaðar upp helstu reglur um ritun, framsetningu og frágang ritaðs máls. Nemendur vinna fyrst efnisgrind að rökfærsluritgerð, bæði hvað varðar hugmyndir og uppbyggingu (5% af lokaeinkunn), og fullvinna síðan ritgerðina samkvæmt reglum þar um (20% af lokaeinkunn). Lotunni lýkur með því að nemendur kynna efni og niðurstöður ritgerða sinna munnlega (5% af lokaeinkunn).

Samanlögð einkunn fyrir lotuna er 30% af lokaeinkunn.

3. lota (4 vikur) 10. mars – 4. apríl

Farið yfir smíði og frágang heimildaritgerða og reglur þar að lútandi. Fjallað um upptöku og frágang heimilda (tilvitnanir, tilvísanir, heimildaskrá) og unnin ýmis æfingaverkefni. **Lotunni lýkur með verkefni sem gildir 25% af lokaeinkunn.**

4. lota (2 - 3 vikur) 7. apríl – 2. maí (ath. páskafrí)

Umræður um störf og starfsval og unnin skrifleg verkefni, s.s atvinnuumsókn og ferilskrá. **Einkunn fyrir lotuna er 10% af lokaeinkunn.**

Verkefni, námsmat og vægi námsþátta:

Áfanginn er próflaus í annarlök en námsmat og lokaeinkunn byggjast á eftirfarandi verkþáttum annarinnar:

1. lota: Verkefni í málfræði, stafs, og greinarm.	20%
Bókmenntaskýrsla	15%
2. lota: Rökfærsluritgerð	25%
Kynning á efni ritgerðar	5%
3. lota: Heimildaverkefni	25%
4. lota: Skrifleg verkefni	10%

Brýnt er að nemendur mæti vel og sinni skilvíslega verkefnavinnu sem að mestu fer fram í tímum.

Verkefnum skal skilað á tilsettum skiladegi hverju sinni, sbr. reglur þar um sem fylgja kennsluáætluninni.

Nemandi sem er veikur á prófdegi, eða við önnur vinnuskil, skal tilkynna það að morgni til skrifstofu skólans, annars missir hann próftökurétt sinn/rétt til skila.

Þeir nemendur sem missa af prófum/tímaverkefnum, vegna gildra ástæðna, eiga kost á því að vinna það upp, eftir hádegi, síðasta kennda föstudag hvers mánaðar.

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils